

AUGLÝSING

um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Flatey á Breiðafirði.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Flatey á Breiðafirði. Stjórnunar- og verndaráætlunin er birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013:

1. gr.

Kvikmyndatökur, listviðburðir og samkomuhald í friðlandinu er óheimilt nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

2. gr.

Óheimilt er að lenda þyrlum/mönnuðum loftförum innan friðlandsins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Undanþegið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 8. júlí 2024.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Magnús Guðmundsson.